

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1014
komudagur 25.1.2010

25.1.2010

Viðskiptanefnd Alþingis.

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. desember 2009, þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjóra um eftirfarandi sjö þingmál. Umsögn embættisins fylgir hér fyrir neðan.

Frumvarp til laga til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, 259. mál.

Viðurlagakaflí (VII.) frumvarpsins svipar mjög til viðurlagakafla frumvarps til váttryggingarlaga sem fjallað er um hér að ofan og á einnig rætur að rekja til laga nr. 55/2007. Vísast því til umsagnar hér að ofan um sama efni að breyttum breytanda.

F.h. RLS

Thelma Clausen Þórðardóttir / Eyjólfur Ármannsson



Alþingi
Erindi nr. P 133/1415
komudagur 2. 3. 2007

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 22. febrúar 2007

Tilvisun: 2007020017

50.03

Nefnarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Umsögn um frumvarp til breytinga á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði 523 mál

Í umræddu frumvarpi er gengið mjög langt í að veita Fjármálaeftirlitinu heimildir til að sekta einstaklinga og fyrirtæki vegna brota gegn löggjöf á fjármálamarkaði. Er í frumvarpinu gengið lengra en þekkist í nágrannalöndunum í þessu efni og lengra en þekkist á öðrum sviðum hjá innlendum eftirlitsaðilum, ef frá er talin samkeppnisyfirvöld sem lúta nokkurri sérstöðu. Sektor geta verið mjög háar eða allt að 20 milljónir króna á einstaklinga og 50 milljónir króna á fyrirtæki. Meðal raka fyrir þessum tillögum eru þau að það sé hagkvæmara að fara þessa leið en beita rannsókn og ákærumeðferð auk þess sem ekki sé nægjanlega búið að lögreglu þekkingarlega til að annast þessi mál. Þessi rök eru ófullnægjandi að álitni saksóknara efnahagsbrota.

Í fyrsta lagi er í frumvarpinu gengið allt of langt í að slaka á réttarvernd sem mönnum er tryggð í hinu hefðbundna refsivörslukerfi og hafa verið talin sjálfsögð. Í öðru lagi er ekkert því til fyrirstöðu að lögregla annist sáttagerðir og ákærumeðferð þessara mála ef það er vilji til að gera meðferð þeirra fljótvirkari og einfaldari. Saksóknari efnahagsbrota telur að umræða um þekkingar og getuleysi lögreglu til að sinna þessum málum sé fráleit. Það á að styrkja saksóknara efnahagsbrota til að koma sér upp þessari þekkingu í auknum mæli og veita honum heimildir til að bjóða lögreglustjórásáttir að þessum fjárhæðum sem í frumvarpinu eru nefndar. Þetta gefur sakborningum færi á að neita sáttum og sæta ákæru ella ef hann svo kýs, í stað þess að sæta einhliða sektargerð stjórnvalds. Þetta tryggir að annað stjórnvald fjallar um málið en sá sem byrjar það, viðkomandi fær réttarstöðu sakbornings með öllu því sem henni fylgir og nýtur réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi kjósi hann að nýta sér þann rétt. Í þriðja lagi virðist viðurlagakerfi hjá eftirlitsaðilum vaxa án nokkurns samræmis á meðan litið er framhjá hefðbundinni meðferð sakamála sem tryggir best réttláta málsmeðferð og réttarstöðu sakborninga. Lagt er til að frumvarpinu verði breytt þannig að Fjármálaeftirlitinu verði eingöngu heimilað að gera sáttir við sakborninga í minnstu málum og þær verði aldrei hærri en t.d. 6 milljónir króna, önnur og alvarlegri brot sæti kæru til lögreglu. Fyrirmynd að þessu fyrirkomulagi má sækja í nýlega breytingu sem gerð var með lögum nr. 134, 2005 um breytingu á skattalögum sem heimila Skattrannsóknarstjóra ríkisins að bjóða sakborningi upp á sátt allt að þessari fjárhæð. Mikill munur er á hvort um sáttargerð er að ræða þar sem mönnum er boðið að undirgangast refsingu en sæta ella kæru til lögreglu eða hvort eftirlitsaðili leggi einhliða sektir á sömu aðila.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Saksóknari efnahagsbrota leggur til að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt.


Helgi Magnus Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota